Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Ritgerðir, 7. bekkur C, 1919 - 1920

Bjarni Benediktsson – Menntaskólinn í Reykjavík – Stílar - Ritgerðir

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Uppvaxtar- og námsár
Askja 1-2, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Bjarni Benediktsson.
7. bekk. C.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík. 7 mars 1920

Kæri vinur!

Ég ætla að skrifa þér nokkrar línur.

Héðan er lítið að frétta. Veðrið hér hefir verið mjög illt undanfarna daga. Síðasta laugardag kom hér mjög mikil hláka, svo það flæddi inn í mjög marga kjallara. En daginn eftir (sunnudag) kom mjög mikill snjór á mjög stuttum tíma, svo seinni part mánudags var komin hláka og hélst hún á þriðjudag, en daginn eftir (í gær) var ~~komin~~ komið frost. Í gær hvesti mjög mikið, svo mörg skip losnuðu upp á höfninni hér og ráku annaðhvort á önnur skip eða upp í ~~[illegible]~~ Örfirisey. Í gær var einnig mjög mikill bylur og skafrenningur svo að með köflum var

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ill komandi út. En í dag hefir verið fremur gott veður

Fyrir ~~va~~ rúmum hálfum mánuði ~~var~~ voru allar samkomur bannaðar, svo ekki ~~var hægt~~ mátti halda skóla í viku tíma.

Dýraverndunarfélagið hefir heitið verðlaunum fyrir þrjár bestu ~~ritgjör~~ ritgjörðirnar um „skyldur mannana við dýrin“; keppendur mátta aðeins vera úr 6, 7. og 8. bkk barnaskóla Reykjavíkur.

Þingi var slitið á síðasta mánudag~~inn~~.

Vertu nú blessaður og sæll!

þinn

Bjarni.

# Fuglarnir

Fuglunum er skift ~~eftir~~ í 8. aðalflokka, í þá er þeim skift eftir lifnaðarhattum og sköpulagi. En það sem allir fuglar hafa sameiginlegt er aðallega þetta: að kroppurinn er þakinn fiðri, nefið er þakið hornlagi, eyrun vantar, hálsinn er langur; þeir hafa vængi, þeir hafa tvo fætur (vængirnir eru í stað framfótana á spendýrunum. Svo verpa allir fuglar eggjum, og þurfa að liggja á þeim til þessað unginn myndist; þó eru einstöku fuglar svo latir að þeir nenna eigi að liggja á, svo sem gaukurinn, er verpir eggjum sínum í hreiður ýmsra smáfugla og tallegallhansán er verpa í ~~þurrar~~ blautar grasdyngjur, og ungast eggin út við ylinn,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þegar hiti er í grasinu. Fuglarnir eru hriggdýr, með heitu blóði. Fuglarnir fljúga með vængunum. Þegar þeir fljúga, breiða þeir úr ~~þeim eins og á~~ vængunum og veifa þeim eins og árum. En sumir fuglar hafa svo litla vængi, að þeir geta aðeins flogið nokkra faðma, svo sem hænsin, og aðrir geta alls ekki flogið, en þeir eru þá líka duglegir að hlaupa, svo sem strútarnir.

~~Íslenska fugla af hverjum~~
Nú mun ég nefna átta aðalflokkana og helstu ~~fugla~~ íslenska fugla (af hverjum flokk), og nokkra útlenda) af hverjum flokki.

1. Spörfuglar. Þeir eru flestir litlir fuglar. Þeir lifa helst í skógum, því er lítið um þá hér. Helstir þeirra ~~eru~~: Þrestirnir, þúfutittlingurinn, máríatlan og steindepillinn, þessir fuglar eru farfuglar hér á landi; snjótittlingurinn ~~og~~ og hrafninn, ~~þeir~~ eru staðfuglar. Í Ameríku eru smæstu fuglar, sem til eru; þeir nefnast kólibrífuglar.

2. Dúfur. ~~D~~ Þær eru miðlungsstórir fuglar, þær eru bæði villtar og tamdar, hér eru aðeins tamdar dúfur.

3. Klifurfuglar. Þeir eru miðlungsstórir fuglar, þeir eru skógar fuglar í suðlægum löndum. Hér eru þeir eigi. Þessir eru helstir: páfagaukar, spætur, gaukar.

4. Ránfuglar. Þeir eru flestir stórir fuglar; þeir eiga heima víða um heim, fáir hér. Helstir eru: Fálkarnir, e þeir eru hér á landi Ernirnir, Gámarnir, og uglurnar tveir síðasttöldu eru eigi hér.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

5. Hænsnafuglar. ~~er~~ Þeir eru allstórir og eiga heima víða. Helstir eru, í rjúpurnar, og hænsin.

6. Vaðfuglar. Þeir eru meðalstórir, hér á landi er mikið um þá. Helstir eru: stelkurinn, spóinn, hrossagaukurinn, heiðlóan og tjaldurinn; þessir eiga heima hér á landi; storkurinn á eigi heima hér.

7. Sundfuglar. Þeir eru flestir fremur stórir, mikið er af þeim hér. Helstir eru: máfarnir, fýllinn, kjóinn, skarfarnir, súlan, endurnar, æðarfuglinn, gæsirnar, álftin og svartfuglarnir.

8. Strútfuglar. Þeir eru stórir fuglar, lifa aðeins í heitum löndum. Helstur: ~~strut~~ Afríku~~strút~~ strúturinn.

Fuglarnir ~~verða~~ eru mjög misjafnlega ~~gaml~~ stórir, stærstur er Afríkustrúturinn nál. 3 metrar, en minstir eru kólibrífuglarnir; hinir minstu eru lítið stærri en hunangsflugur. Stærstur af íslenskum fuglum er svanurinn álftin, en minstur er músarrindillinn. Sumir fuglar fljúga mjög fljótt ~~vel~~, svo sem fálkarnir, aðrir fljúga als ekki, einsog strútarnir, en þeir eru mjög fljótir að hlaupa og veifa þá vængjunum til þess að vera fljótari. ~~Sum~~ Uglurnar eru aðeins úti á næturnar, því ef þær fara út á daginn fá þær ofbirtu í augun, og aðrir fuglar elta þær og stríða þeim. Páfagaukarnir geta lært að segja einstakar setningar, en eigi vita þeir ~~no~~ ~~hvað~~ það þeir segja; eins geta þeir hermt eftir öðrum fuglum. Bréfdúfurnar eru mjög ratvísar.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

~~ein dúfa~~ ef ~~þeim er ál~~ þær eru fluttar burtu frá átt-
högum sínum og slept, svo rata þær heim aftur. Ein
dúfa að nafni Sunny Jim var send frá höfuðborginni Rio Janeiró í
Brasilíu til Jeannette, sem er smá bær í Pennsylvaníu
fylki, hafði hún farið styztu leið, hefir ~~flogið~~ hún farið 6700
~~km.~~ kilom. hún var tapa tvo mánuði á leiðinni. Sumir
fuglar eru mjög heimskir, svo sem strútarnir, til dæmis,
þegar þeir vilja fela sig, stinga þeir höfðinu niður
í sandhrúgur. En aftur á móti eru til margar sögur
af vitsmunum hrafna.

Það er oft að karlfuglinn er skrautlegri en ~~k~~ kvenn-
fuglinn.

Bjarni Benediktsson